

Alþingi
b.t. undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2021

Efni: Skýringar yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi

Vísað er til bréfs Rögnu Árnadóttur, f. h. forseta Alþingis, dags. 14. október 2021, þar sem m.a. var óskað nánari skýringa á úrskurði yfirkjörstjórnar á ágreiningsseðli úr Suðvesturkjördæmi.

Í bréfinu kemur fram að umræddur kjörfundarseðill hafi verið merktur með krossi í ferninginn við S lista. Að auki hefur verið merkt með krossi í ferninginn við F lista, þó þannig að krotað hefur verið yfir krossinn, án þess að ferningurinn hafi verið að fullu skyggður. Í gerðabók yfirkjörstjórnar er því lýst að kl. 3:00, hafi yfirkjörstjórn farið yfir vafaatkvæði með umboðsmönnum. Í gerðabók segir enn fremur að yfirkjörstjórn hafi úrskurðað kjörfundarseðilinn ógildan með vísan til þess að á honum væri að finna auðkenni, þ.e. á kjörfundarseðlinum hafi verið rauður litur í ferning við valinn listabókstaf. Umboðsmaður S lista lýsti því yfir að hann teldi kjörfundarseðilinn gilt atkvæði fyrir S lista og að hann myndi ekki una úrskurði yfirkjörstjórnar um að kjörfundarseðillinn teldist ógildur og var umboðsmanninum þá leiðbeint um að farið yrði með kjörfundarseðilinn í samræmi við 4. mgr. 104. gr. kosningalaga nr. 24/2000.

Varðandi athugasemdir umboðsmanns, sem vísað er til í bréfi forseta Alþingis, er bent á samantekt yfirkjörstjórnar og afrit af gerðabók sem skilað var inn til landskjörstjórnar þann 27. september 2021 og er birt á gagnasvæði undirbúningsnefndar um rannsókn kjörbréfa.

Þessu til viðbótar er rétt að nefna að á talningarstað í íþróttahúsinu í Kaplakrika gátu umboðsmenn fylgst með framkvæmd talningar og rætt við tengilið umboðsmanna sem og fulltrúa í yfirkjörstjórn ef einhverjar athugasemdir væru. Eins og fram kemur í gerðabók yfirkjörstjórnar bókuðu umboðsmenn engar athugasemdir við framkvæmd kosningar.

Varðandi yfirferð á vafaatkvæðum var tvisvar farið yfir vafaatkvæði með umboðsmönnum. Einu sinni um kl. 3:00 og aftur er talningu var að ljúka. Þegar

talningu lauk var einn umboðsmaður eftir á talningarstað en aðrir umboðsmenn höfðu yfirgefið talningarstað. Eins og áður var lýst gerðu umboðsmenn engar athugasemdir við framkvæmd talningar.

Þá er ekki rétt sem kemur fram í erindi í umboðsmanns að það hafi komið til úrskurðar um ógild atkvæði heldur einungis kom til úrskurðar á vafaatkvæðum sem gert var í samráði við umboðsmenn. Þannig var ekki úrskurðað um ógild atkvæði í lok talningar heldur voru þau flokkuð ásamt öðrum atkvæðum alla nóttina. Í þessu samhengi er mikilvægt að taka fram að uppgæfnar tölur um nóttina, eftir fyrstu tölur, miðast við bunka af 50 eða 100 atkvæðum og því geta í einhverjum tilfellum orðið litlar breytingar milli talna ef um fá atkvæði er að ræða. Í tilfelli ógildra atkvæði var það raunin í nýafstöðnum alþingiskosningum en fjöldi þeirra var 117 í Suðvesturkjördæmi. Jafnframt er lögð áhersla á að ekki er boðið upp á aðgengi umboðsmanna að atkvæðaseðlum eftir að talningu lýkur enda er gengið frá þeim í innsiglaðri geymslu, sbr. 2 mgr. 104 gr. laga.

f.h. yfirkjörstjórnar Suðvesturskjördæmis,

Huginn Freyr Þorsteinsson

